

Sp. 496. Tillaga til þingsályktunar

um sögu Alþingis.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Jóhann Jósefsson, Steingrímur Aðalsteinsson,
Jörundur Brynjólfsson.

Alþingi ályktar að fela 5 manna nefnd, er ríkisstjórnin skipar, að láta fullgera sögu Alþingis, þá er fyrirhugað var að gefa út á 1000 ára hátíð þingsins 1930, með svipaðri tilhögun og ráð var þá fyrir gert, ásamt viðauka, er fjalli um tímabilið eftir 1930, enda sé miðað við, að ritið komi út á árinu 1945, þegar liðin eru 100 ár frá endurreisn Alþingis.

Fjórir nefndarmanna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokka, og nefnir hver þeirra til einn mann, en hinn fimmti skal skipaður án tilnefningar. Nefndin kys sér sjálf formann.

Kostnað af útgáfunni og af störfum nefndarinnar skal greiða úr ríkissjóði.

G r e i n a r g e r ð .

Með tilskipun frá 8. marz 1843 var ákveðið að endurreisa Alþingi, og kom hið endurreista þing saman í fyrsta sinni 1. júlí 1845.

Flutningsmönnum þessarar tillögu þykir hlýða, að minnzt sé þessara merkilegu tímamóta í sögu þingsins með þeim hætti m. a., að þingið geri ráðstafanir til þess, að fullgerð verði saga þess og hún gefin út á 100 ára afmæli hins endurreista Alþingis, 1945, en drög til alþingissögunnar eru mörg fyrir hendi.